


Þjónustu- og öryggismælingar hjá Matís

Örverumælingar

Rannsóknarþáttur er skipt upp í bendiörverur og sjúkdómsvaldandi örverur.

Bendiörverur gefa vísbendingu um saurmengun, hreinlæti við framleiðslu, ferskleika, geymsluþol, virkni hagkvæms örverugróðurs og önnur atriði sem tengjast framleiðslugæðum

Sjúkdómsvaldandi örverur segja til um öryggi matvæla og eru mældar við sérstakar kannanir eða vöktun og í matvælum sem eru í áhættuflokki fyrir viðkomandi sykla. Einnig þegar upp kemur grunur um matarsjúkdóm.



Gerlar á mannshári

Þrif

Eftirlit með þrifum á áhöldum, vinnuborðum og öðrum flötum sem eru í snertingu við matvæli í matvælafyrirtækjum og veitingahúsum. Notaðar eru tvær gerðir af snertiskálum við rannsókn á þrifum. Annars vegar skálar með agar sem hindrar áhrif sótthreinsiefna og hins vegar ósérhæfður agar sem hefur ekki áhrif sótthreinsiefni.

Umhverfissýni

Rannsóknir tengdar umhverfissýnum. Athugun á örverumagni í andrúmslofti með loftsiun. Notað er loftsiunartæki sem dælir ákveðnum fjölda rúmmetra á rodacskál. Notaðar eru rodac skálar með ósérhæfðu æti og einnig skálar með sérhæfðu æti fyrir myglu.



Sjúkdómsvaldandi örverur

Magnbundnar og ómagnbundnar rannsóknir á sjúkdómsvaldandi örverum og greining á eitrefnum frá örverum í tengslum við grun um matareitrun eða matarsýkingu. Öll sýni sem berast rannsóknastofunni vegna gruns um matarsjúkdóm eru rannsökuð, en í tölfraðina eru einungis tekin með tilvik þar sem tveir eða fleiri einstaklingar veikjast, nema þegar matarsjúkdómur hefur verið staðfestur með ræktunum úr matvælum eða saursýnum.

